

arins. Skal það gert skriflega og stílað til Póst- og fjarskiptastofnunar. Leyfishafi ber ábyrgð á greiðslu gjalda sem falla á fram til þess tíma sem fullnægjandi tilkynning um uppsögn berst Póst- og fjarskiptastofnun.

15. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 11. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 110/1999 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 598/1997, frá 20. október 1997.

Samgönguráðuneytinu, 18. apríl 2002.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á kartöflufloðum frá Noregi.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar fjármálaráðherra tollkvóta skv. sérstöku samningi milli Íslands og Noregs, dags. 22. mars 2000, um viðskipti milli landanna og á grundvelli 6. gr. B í tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, og í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993. Reglugerð þessi gildir um innflutning á kartöflufloðum frá Noregi og með upprunavottorð þaðan.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
	Kartöflur	01.01.02-31.12.02	15.000	0	0
2005.2002	Sneiddar eða skornar.				
2005.2003	Nasl svo sem skífur, skrúfur, hringir, keilur, stangir o.þ.h., þó ekki úr kartöflumjöli.				

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvóta er úthlutað skv. auglýsingu fjármálaráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Tollkvóta er úthlutað í einu lagi. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal láta hlutkesti ráða úthlutun tollkvóta vörunnar.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt XIV. kafla tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 6. mgr. 6. gr. B tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 31. desember 2002.

Fjármálaráðuneytinu, 18. apríl 2002.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Jóna Björk Guðnadóttir.

AUGLÝSING

um minniháttar breytingu á deiliskipulagi á Þingeyri, Ísafjarðarbæ.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæ hefur samþykkt minniháttar breytingu á deiliskipulagi á Þingeyri. Breytingin tekur til lóðanna nr. 17, 19, 21 og 23 við Hafnarstræti og felur í sér að lóðamörk og byggingareitir þessara lóða breytast.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 15. apríl 2002.

Stefán Brynjólfsson skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Hæðargarðsvatn í Skaftárhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps þann 4. febrúar 2002 samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir frístundabyggð við Hæðargarðsvatn í Skaftárhreppi.

Deiliskipulagsuppdráttur með breytingu hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 6. júní 1999. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Skaftárhreppi, 18. apríl 2002.

Ólafía Jakobsdóttir sveitarstjóri Skaftárhrepps.